



## Fundargerð

33. fundur framtíðarnefndar Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12

14. september 2022, kl. 8:15

Viðstaddir: Íris Ósk Ólafsdóttir formaður, Aneta Grabowska, Guðni Ívar Guðmundsson, Jón Helgason, Póranna Kristín Jónsdóttir.

Að auki sátu fundinn Halldóra Guðrún Jónsdóttir aðstoðarmaður bæjarstjóra, Silja Kolbrún Skúladóttir fulltrúi umgmennaráðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Með opnum hug og gleði í hjarta - menntastefna Reykjanesbæjar 2021-2030 (2020010070)

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi og Anna Hulda Einarsdóttir kennsluráðgjafi, sem skipa ritstjórn, mættu á fundinn og kynntu menntastefnu Reykjanesbæjar 2021-2030. Stefnan ber yfirskriftina Með opnum hug og gleði í hjarta.

Framtíðarnefnd óskar fræðslusviði og íbúum Reykjanesbæjar til hamingju með vel unna menntastefnu og mun fylgjast spennt með framhaldi á innleiðingu og framkvæmd hennar.

### 2. Sjálfbærni Reykjanesbæjar og meðhöndlun úrgangs (2021010385)

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi mætti á fundinn. Hún fór yfir ný lög um meðhöndlun úrgangs og stöðuna hjá sveitarfélagit varðandi málaflokkinn, auk þess sem hún kynnti starf sjálfbærnifulltrúa.

Framtíðarnefnd fagnar því að umhverfis- og sjálfbærnimálum hafi verið gert hærra undir höfði með því m.a. að ráða í stöðu sjálfbærnifulltrúa. Mikilvægt er að halda þessu starfi áfram og hvetur nefndin til þess að áfram verði starfsmaður sérstaklega í þessum málum.

Nefndin hvetur sveitarfélagið til að ganga lengra en reglugerðir gera ráð fyrir, m.a. vegna þess að þannig skapast tækifæri til að bæta í mynd bæjarfélagsins. Einnig er það mikilvægt þar sem þessi málaflokkur er að verða sífellt mikilvægarí í samfélagit öllu. Verkefnið er einnig í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem Reykjanesbær tengir stefnu sína við.

Nefndin telur mjög mikilvægt að efla verulega upplýsingagjöf og fræðslu í þessum málum til að árangur náist. Það er einnig í samræmi við stefnu um aukna íbúapátttöku og eflingu upplýsingagjafar til bæjarbúa.



Nefndin hvetur einnig til þess að Reykjaneshús þrýsti á um öflugra samstarf sveitarstjórna á Suðurnesjum og leggur til þá hugmynd að starf sjálfbærni fulltrúa geti verið sameiginlegt á svæðinu öllu.

### **3. Stafræn þróun hjá Reykjaneshæ og samstarf sveitarfélaga (2019110248)**

Áslaug Þ. Guðjónsdóttir Luther, deildarstjóri þjónustu og þróunar, mætti á fundinn og gerði grein fyrir stöðu mála varðandi stafræna þróun hjá Reykjaneshæ og samstarf um stafræn sveitarfélög.

Framtíðarnefnd hrósar farsælu samstarfi við önnur sveitarfélög ásamt stafrænu ferli varðandi fjárhagsaðstoð. Mikilvægt er að sveitarfélagið myndi heildræna stefnu í stafrænni umbreytingu.

### **4. Kynningarmál framtíðarnefndar (2022080084)**

Dagskrárlíð frestað til næsta fundar. Nefndarfólk hvatt til að kynna sér tillögur og koma athugasemdu og tillögum á framfæri í sameiginlegu skjali til að flýta fyrir umfjöllun og afgreiðslu málsins á næsta fundi nefndarinnar.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:33.